

Grein eftir Séra Halldór Jónsson prest að Reynivöllum.
Úr Sunnudagsblaði Vísis.
Fjallar um lagið "Víst ert þús
Jésús kongur klár" og þátt þeirra
Jóns Pálssonar og Páls Ísólfssonar
að bjarga því frá gleysku.

Andans menn.

Eftir Halldór Jónsson sóknarprest að Reynivöllum.

III.

Mig langar til að segja smá- sögu, sem mér þykir falleg. Þetta er reyndar stór saga, ef rétt er að henni gáð.

Hún er verðmæti, ómetanlegur gimsteinn, sem hin íslenska þjóð átti og á og lá við sjálf, að glatast hefði henni um aldur og æfi. Hefði slíkt verið óbæt- anlegt. Þjóðin sjálf vissi í raun- inni ekki, að hún átti þenna fagra gimstein, en nú veit hún það.

Þetta verðmæti var lítið lag.

Það, sem hún átti, en vissi ekki hvað hún átti, fyr en tveir and- ans menn, góðir menn, björg- uðu frá voða gleyskunnar og dauðans, því sem hún átti og því, sem hún mátti ekki glata, en hefði að líkindum glatast að öðrum kosti.

Því er nú ver, að margt verð- mæti, sem þjóðin átti, hefir týnst. Það hefir farist í stórflóði hins nýja tíma. Það er hörmu- legt, þó sumt nýtt og gott komi í þess stað. Og vera má, að sumt sem glatast hefir um hrið, verði aftur fundið, fágað að nýju með nýrri, hærri siðmenningu. Slíks er að vona og vænta í lengstu lög. Vonandi, að einhverjir and- ans menn verði fundvísir á hin eldri verðmæti, sem um hrið virtust gleymd og grafin, er þörf hins nýja tíma getur ekki lengur án þeirra verið, og meir að segja klæði þau í nýjan bún- ing, sem fer þeim vel; líkt og litla lagið, sem eg mintist á, sem er samt svo stórt og völdugt, í allri sinni dásamlegu fegurð, líkt og fyrirboði sjálfrar eilífð- ar, líkt og útsýn yfir hærri heima.

Er nú ekki þjóðin rík, að eiga þetta litla lag, sem er stórt? En hún á margt fleira en það.



Grein eftir Séra Halldór Jónsson prest að Reynivöllum.
Úr Sunnudagsblaði Vísis.
Fjallar um lagið "Víst ert þú
Jesús kongur klár" og þátt þeirra
Jóns Pálssonar og Páls Ísólfs­sonar
að bjarga því frá gleysku.

Andans menn.

Eftir Halldór Jónsson sóknarprest að Reynivöllum.

III.

Mig langar til að segja smá­ sögu, sem mér þykir falleg. Þetta er reyndar stór saga, ef rétt er að henni gáð.

Hún er verðmæti, ómetanlegur gimsteinn, sem hin íslenska þjóð átti og á og lá við sjálft, að glatast hefði henni um aldur og æfi. Hefði slíkt verið óbæt­ anlegt. Þjóðin sjálf vissi í raun­ inni ekki, að hún átti þenna fagra gimstein, en nú veit hún það.

Þetta verðmæti var lítið lag, sem orðið hafði til í íslenskri þjóðarsál, enginn veit hverri. Þetta lag er við sálminn: „Víst ertu, Jesú, kóngur klár“.

Tveir þjóðkunnir gáfumenn, listamenn hvor á sínu sviði og náfrændur, urðu hvor fyrir sig verkfæri í forsjónarhendi til þess að forða þessu dýrmæta verðmæti frá glötun og tortím­ ingu. Annar þeirra var hinn merki fræðimaður Jón Pálsson, fyrverandi bankaféhirðir í Rvík. Hann hafði komist yfir lagið. Svo varð hinn lærði listamaður Páll Ísólfs­son, tónskáld í Rvík, bróðursonur hans, til að koma því í þann búning, sem fer því með fádæmum vel.

Mín skoðun er sú, að þó æfi­ starf þessara manna hefði eigi orðið nema þetta eitt, að gefa eða skila þjóðinni aftur því, sem hún átti, en hafði týnt í rauninni og ekki fyr kunni að meta, þá var það nóg æfistarf og miklu framar því. En alþjóð veit, að þetta er lítið brot af stórmerku æfistarfi beggja. Eg get ekki stílt mig um, að þakka þessum ágætu vinum mínum af heilum hug fyrir þetta afrek, og eg vona, að eg megi það í al­ þjóðarnafni. Eg er þess fullviss, að upp úr þessu litla lagi mun vaxa mikið og margt, þjóðinni til gleði, blessunar og heilla í nútíð og eg vona í afar langri framtíð. Við það munu bundn­ ar óteljandi gleðistundir. Það mun lyfta hugum fjölda manna til hæða, í nútíð og framtíð.

Þetta var nú um þjóðina og

það, sem hún átti, en vissi ekki hvað hún átti, fyr en tveir and­ ans menn, góðir menn, björg­ uðu frá voða gleyskunnar og dauðans, því sem hún átti og því, sem hún mátti ekki glata, en hefði að líkindum glatast að öðrum kosti.

Því er nú ver, að margt verð­ mæti, sem þjóðin átti, hefir týnst. Það hefir farist í stórflóði hins nýja tíma. Það er hörmu­ legt, þó sumt nýtt og gott komi í þess stað. Og vera má, að sumt sem glatast hefir um hrið, verði aftur fundið, fagað að nýju með nýrri, hærri siðmenningu. Slíks er að vona og vænta í lengstu lög. Vonandi, að einhverjir and­ ans menn verði fundvísir á hin eldri verðmæti, sem um hrið virtust gleymd og grafin, er þörf hins nýja tíma getur ekki lengur án þeirra verið, og meir að segja klæði þau í nýjan bún­ ing, sem fer þeim vel; líkt og litla lagið, sem eg mintist á, sem er samt svo stórt og völdugt, í allri sinni dásamlegu fegurð, líkt og fyrirboði sjálfrar eilífð­ ar, líkt og útsýn yfir hærri heima.

Er nú ekki þjóðin rík, að eiga þetta litla lag, sem er stórt? En hún á margt fleira en það.